

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2016
20160202707/12.3

Kt. 420169-6209

Ólaunuð vinna/vinna greidd með öðru en peningum

Með tölvupósti, dags. 11. febrúar 2016, og meðfylgjandi bréfi, dags. sama dag, var óskað eftir ákvarðandi bréfi/svari við fyrirspurn vegna ólaunaðrar vinnu/launa greiddum með öðru en peningum. Í bréfinu kemur fram að óskað sé eftir ákvarðandi bréfi varðandi eftirfarandi álitamál:

1. Ber einstaklingum að telja fram eigin vinnu til skatts í þágu atvinnurekstrar í eigu annarra en þeirra sjálfra, en engin laun eru greidd fyrir? Nú hafi færst mjög í auka að einstaklingar starfi án launa við atvinnurekstur sem starfræktur sé í hagnaðarskyni. Gjarnan sé um að ræða erlend ungmenni sem komi hingað til lands í því skyni að kynnast t.d. ferðaþjónustustarfsemi og/eða landbúnaði og vinna í því skyni í þágu atvinnurekstrar.

2. Ber einstaklingum að telja fram til skatts hlunnindi sem þeir þiggja fyrir vinnu í þágu atvinnurekstrar í eigu annarra en þeirra sjálfra? Nú hafi færst mjög í auka að einstaklingar starfi fyrir eingöngu fæði og húsnæði við atvinnurekstur sem starfræktur sé í hagnaðarskyni. Gjarnan sé um að ræða erlend ungmenni sem komi hingað til lands í því skyni að kynnast t.d. ferðaþjónustustarfsemi og/eða landbúnaði og vinna í því skyni í þágu atvinnurekstrar.

3. Hvort, og þá hvernig ber aðilum í atvinnurekstri að telja fram vinnu til skatts sem ekki er greitt fyrir með peningum skv. lýsingum við spurningar nr. 2 og 3? Og þá eftir atvikum að standa skil á slíkum skatti?

Rétt er að taka fram í upphafi að samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal ríkisskattstjóri birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila en hvergi í skattalöggjöfinni eru ákvæði um „ákvarðandi bréf“. Ríkisskattstjóri birtir á hinn bóginn á vefsíðu sinni ýmis bréf sem talin eru hafa almenna þýðingu í skattframkvæmdinni og hefur kosið að nefna þau ákvarðandi bréf.

Vikur þá að þeim þremur spurningum sem fram koma í bréfi fyrirspyrjanda.

1. Almennnt ber einstaklingum ekki að ákvarða sér laun sem andlag skattlagningar vegna

vinnuframlags síns, nema aðstæður falli undir ákvæði 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um skyldu þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, þ.m.t. þeirra sem starfa á vegum lögaðila sem þeir teljast hafa ráðandi stöðu hjá, sbr. 58. gr. laganna, til að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði það verið innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Í ljósi framangreinds verður að skoða eðli og forsendur vinnuframlags í þágu annarra án þess að þegin sé greiðsla fyrir, þ.e. hvort einhvers konar sjálfboðaliðastarf sé innt af hendi til skamms eða langs tíma án þess að tilvitnuð ákvæði eigi við. Við þær aðstæður að reglur um reiknað endurgjald eiga ekki við myndast ekki skattskyldar tekjur vegna vinnuframlags í hendi viðkomandi, nema svo hátti til sem lýst er í svari við spurningu nr. 2.

2. Manni sem innir af hendi starf í þágu þriðja aðila án greiðslu, en gegn því að fá hlunnindi í formi t.d. húsnæðis og fæðis, ber eftir atvikum að telja til tekna þau hlunnindi sem hann nýtur. Um skattskyld hlunnindi gilda ákveðnar matsreglur sem gefnar eru út árlega af ríkisskattstjóra að fenginni staðfestingu ráðherra. Reglur um skattmat vegna tekna manna fyrir tekjuárið 2016 voru birtar með auglýsingu nr. 1202/2015 í B-deild Stjórnartíðinda. Þar kemur fram m.a. að telja beri til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnist og metin verði til peningaverðs og skipti þá ekki máli hvaðan þau stafi eða í hvaða formi þau séu. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum, svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir. Verði hlunnindi ekki í krónum talin skal meta þau til peningaverðs og telja til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 í skattmatinu. Séu hlunnindi, eða annað sem telja beri til tekna, látin af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmætið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

3. Samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi skattskyldar hjá rekstraraðila, þ.m.t. hvers konar tekjur sem taldar eru upp í öðrum liðum lagagreinarinnar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Í 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna, sem efni sínu samkvæmt gildir um einstaklinga, er m.a. kveðið á um að til skattskyldra tekna teljist beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum. Undanskildar eru tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir. Í fyrirspurninni er gengið út frá því að einstaklingar vinni í þágu rekstraraðila án þess að fá greitt fyrir þá vinnu með peningum.


Eins og atvikum er lýst í fyrirspurninni getur bæði verið um það að ræða að einstaklingar starfi í þágu rekstraraðila annars vegar án alls endurgjalds og hins vegar gegn endurgjaldi í formi hlunninda.

Við þær aðstæður að starf er innt af hendi án nokkurs endurgjalds verður að telja að um sé að ræða skattskyldar gjafir í hendi rekstraraðilans sem telja beri til tekna samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Ríkisskattstjóri telur að við þessar aðstæður skuli miða tekjufærsluna við gangverð þeirrar vinnu sem um ræðir hverju sinni. Sé endurgjald fyrir vinnuframlag í formi hlunninda þá teljast þau til tekna hjá þiggjanda eftir almennum reglum


þar um, sbr. svar við spurningu nr. 2, en til gjalda í rekstri telst eftir atvikum kostnaður vegna hlunnindanna eða metnar fjárhæðir, sbr. ákvæði í skattmáli. Tekið skal fram að ef um er að ræða óveruleg hlunnindi kann að koma til þess að meta þurfi hluta vinnuframlags sem gjöf.

Í báðum þeim tilvikum sem um ræðir gerir rekstraraðilinn grein fyrir tekjum og gjöldum í skattskilum fyrir viðkomandi tekjuár.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Elín Alma Arthursdóttir